

# JAFNRÉTTISSJÓÐUR ÍSLANDS

---

## HANDBÓK JAFNRÉTTISSJÓÐS ÍSLANDS FYRIR UMSÆKJENDUR OG FAGRÁÐ

Í tengslum við auglýstan umsóknarfrest 2025



JAFNRÉTTISSJÓÐUR  
ÍSLANDS



Helstu breytingar frá síðustu handbók (2023).

- Opnað verður fyrir umsóknir 27. febrúar og umsóknarfrestur er til kl. 15:00 þann 10. apríl.
- Áherslur stjórnar eru í samræmi við reglur jafnréttissjóðs, gefin út af forsætisráðuneytinu 19. febrúar 2024. Sjá <https://www.rannís.is/sjodir/rannsoknir/jafnrettissjodur/uthlutunarreglur/reglur-um-uthlutun-styrkja-ur-jafnrettissjodi-islands>
- Auk þess gæta sérstaklega að þeim sem eru með kyn hlutlausa skráningu í þjóðskrá.

---

## 1 INNGANGUR

Tilgangur Jafnréttissjóðs Íslands (e. The Icelandic Gender Equality Fund) er að styrkja verkefni og rannsóknir sem miða að því að efla jafnrétti kynjanna.

Tilgreint er í fjármálaáætlun hvaða ár úthlutun eigi að fara fram á hverju fimm ára tímabili en gert er ráð fyrir úthlutun á tveggja ára fresti.

Jafnréttissjóður Íslands nýtur framlaga af fjárlögum. Síðast var úthlutað úr sjóðnum 19. júní 2023 og næst verður úthlutað úr honum 19. júní 2025.

Handbók Jafnréttissjóðs Íslands fyrir umsækjendur og fagráð og gildir fyrir styrkarið 2025. Markmið hennar er að auka gegnsæi ferlisins fyrir alla sem koma að því, allt frá auglýsingu umsóknarfrests að styrkveitingum. Í handbókinni eru reglur sjóðsins og ýmsar gagnlegar upplýsingar svo sem um réttindi og skyldur styrkþega. Handbókin verður gefin út í tengslum við auglýsta umsóknarfresti. Til að handbókin gegni hlutverki sínu eru allir sem koma að ferlinu (umsækjendur og fagráðsmenn) hvattir til að lesa hana í heild sinni.

Þessi handbók er fjórða útgáfa af Handbók Jafnréttissjóðs Íslands sem gefin er út af Rannís.

---

## 2 TÍMASETNINGAR

Umsóknarfrestur Jafnréttissjóðs Íslands er auglýstur með a.m.k. 6 vikna fyrirvara. Áætlaðar tímasetningar fyrir umsýslukerfi umsókna fyrir styrkárið má sjá í töflu 1.

Tímasetningar 2025	
<b>27. febrúar</b>	Opnað fyrir umsóknir
<b>10. apríl, kl. 15:00</b>	Umsóknarfrestur
<b>maí-júní</b>	Mat umsókna
<b>19. júní</b>	Styrkúthlutun

Tafla 1. Áætlaðar tímasetningar fyrir styrkárið

### 2.1 UPPLÝSINGAR UM SJÓÐINN

Sérfræðingar sjóðsins hjá Rannís veita upplýsingar og aðstoð virka daga frá 9:00 – 15:00. Umsækjendur skulu ekki undir neinum kringumstæðum hafa samband við fagráð eða stjórn meðan á matsferli stendur. Hafi umsækjandi samband við fagráðsmann eða stjórn vegna umsóknar verður hún tekin úr matsferli.

Heimasíða: <https://www.rannis.is/sjodir/rannsoknir/jafnrettissjodur/>

Netfang: [jafnrettissjodur@rannis.is](mailto:jafnrettissjodur@rannis.is)

## 3 REGLUR OG LEIÐBEININGAR TIL UMSÆKJENDA

### 3.1 SIÐAREGLUR UMSÆKJANDA OG ÖFLUN TILSKILINNA LEYFA

Umsækjandi skal taka fram í umsókn hvort verkefnið innihaldi þætti sem þarf að skoða sérstaklega með tilliti til almennra siðareglna. Í slíkum tilfellum þarf að útskýra hvað í því felst og hvernig verður tekið á þessum þáttum. Viðeigandi leyfi þurfa að liggja fyrir.<sup>1</sup> Ef leyfisumsókn er enn í vinnslu þegar umsóknarfrestur í Jafnréttissjóð rennur út skal þess getið í umsókninni og skal leyfinu skilað inn til Jafnréttissjóðs um leið og það fæst eða tilkynnt um ef leyfi hefur ekki fengist. Ekki er gengið frá samningi fyrr en öll nauðsynleg leyfi liggja fyrir.-

### 3.2 STYRKIR

<sup>1</sup> Vísindasiðanefnd (visindasidanefnd.is), Persónuvernd (personuvernd.is), Matvælastofnun (mast.is), vísindasiðanefnd Háskóla Íslands ([https://www.hi.is/haskolinn/nefndir\\_haskolarads#visindasidanefnd](https://www.hi.is/haskolinn/nefndir_haskolarads#visindasidanefnd))

Stjórn Jafnréttissjóðs Íslands starfar samkvæmt þeim tilgangi að efla jafnrétti kynjanna. Sjóðurinn styrkir verkefni og rannsóknir einstaklinga, fyrirtækja, stofnana og félagasamtaka.

Við ákvörðun um styrkhæfi umsókna skal stjórnin leggja mat á eftirfarandi: gæði verkefnis- eða rannsóknaráætlunar, þ.m.t. markmið og skipulag verkefnis, hagnýtingargildi og mikilvægi þess sem og hæfni umsækjenda til að leysa verkefnið. Einnig leggur stjórnin mat á hversu vel verkefnið fellur að hlutverki sjóðsins.

Verkefnisstjórar rannsóknarverkefna skulu hafa lokið háskólanámi við alþjóðlega viðurkenndan háskóla. Athugið að ekki er gerð samsvarandi menntunarkrafa til umsækjenda um kynningar-, fræðslu- og átaksverkefna. Sé sótt um styrk til rannsóknar sem er hluti af doktorsnámi skal leiðbeinandi vera tilgreindur sem verkefnisstjóri. Enn fremur metur stjórn hagnýtingargildi rannsóknar, nýnæmi hennar og gildi þekkingarsköpunar í verkefninu.

Styrkir eru aðeins greiddir inn á íslenska bankareikninga.

## 4 UMSÓKNIR OG MAT UMSÓKNA

Eingöngu er tekið við umsóknum í gegnum rafrænt umsóknarkerfi Rannís. Ekki er tekið við gögnum eftir að umsóknarfrestur rennur út og ekki er tekið á móti umsóknum í tölvupósti. Til að gæta jafnræðis allra umsækjenda er öllum ófullgerðum umsóknum vísað frá.

### 4.1 ÁHERSLUR STJÓRNAR

Í samræmi við þingsályktanir um Jafnréttissjóð Íslands leggur stjórn áherslu á að styrkja verkefni og rannsóknir sem;

- a. eru til þess fallin að vinna gegn launamun kynjanna og efla almennt jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði og í atvinnulífinu,
- b. varpa ljósi á samfélagslegan, umhverfislegan og efnahagslegan ávinning af jafnrétti,
- c. er ætlað að vinna gegn kynbundinni og kynferðislegri áreitni, kynbundnu ofbeldi og ofbeldi í nánnum samböndum,
- d. stuðla að fræðslu og forvörnum með það að markmiði að útrýma kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu ofbeldi í íslensku samfélagi,
- e. stuðla að fræðslu og forvarnastarfi fyrir ungt fólk um ofbeldi, áreitni og einelti og orðræðu sem ýtir undir slíkt,
- f. stuðla að fræðslu fyrir ungt fólk um ábyrga afstöðu til kynlífs, kláms og kynbundins ofbeldis,
- g. stuðla að aukinni þekkingu á vörnum og samræmdum viðbrögðum við ofbeldi í nánnum samböndum,
- h. falla undir þróunarverkefni í skólakerfinu sem er ætlað að stuðla að sterkri og jákvæðri sjálfsmynd pilta og stúlkna, svo sem með aukinni fræðslu í kynjafræðum,
- i. eru til þess fallin að hvetja ungt fólk af öllum kynjum til aukinnar þátttöku í samfélagslegum verkefnum og stjórnsmálastarfi og stuðla að aukinni kosningaþátttöku þess,
- j. gæta sértaklega að þeim sem eru með kyn hlutlausu skráningu í Þjóðskrá,

- k. eru til þess fallin að varpa ljósi á stöðu kynjanna jafnt í samtíð sem fortíð
- l. stuðla að jöfnuðu milli fólks af erlendum uppruna. Jafnrétti óháð þjóðerni, trúarbragða og bakgrunns,
- m. vinna gegn fjölþættri mismunun,
- n. gæta þess að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf.

Að auki leggur stjórn áherslu á verkefni sem snúa að samfélagi og samskiptum kynjanna, bæði hvað varðar stafræna miðla, valdatengsl og samtímann.

## 4.2 TEGUNDIR STYRKJA OG UPPHÆDIR

Boðið er upp á tvær styrktegundir og eru styrkirnir veittir til eins árs.

- Styrkir til kynningar og fræðslu eða átaksverkefna sem falla að markmiðum sjóðsins.
- Styrkir til rannsókna og þróunarstarfs er falla að markmiðum sjóðsins.

Styrkupp hæð til verkefnis getur að hámarki verið 7 milljónir kr. hvort sem um er að ræða doktorsverkefni eða annars konar verkefni.

## 4.3 SAMÞYKKTUR KOSTNAÐUR

### 4.3.1 LAUN

Jafnréttissjóður styrkir laun. Ekki þurfa allir þátttakendur að vera nafngreindir þegar umsóknarfrestur rennur út en vinnuframlag allra þátttakenda verður að vera skilgreint í umsókn sé sótt um laun fyrir þá. Jafnréttissjóður Íslands styrkir hvorki greiðslu á yfirvinnu vegna rannsókna né greiðslu launa til þeirra sem eru jafnframt á fullum launum í öðrum störfum.

### 4.3.2 REKSTRARKOSTNAÐUR

Hægt er að sækja um kostnað vegna nauðsynlegra aðfanga fyrir verkefnið, aðstöðu og samrekstur.

### 4.3.3 FERÐAKOSTNAÐUR

Sækja má um kostnað vegna ferða sem eru nauðsynlegar fyrir framgang verkefnisins. Í skýringum skal færa rök fyrir öllum ferðum og á hvern hátt þær tengjast verkefninu.

### 4.3.4 AÐKEYPT ÞJÓNUSTA

Undir þennan lið fellur vinna sem ekki er unnin af þátttakendum í verkefninu, en er nauðsynleg fyrir framgang þess. Gera þarf grein fyrir öllum kostnaði vegna aðkeyptrar þjónustu sundurliðaðri í skýringu í umsóknarkerfinu.

## 4.4 HVAÐ Á UMSÓKN AÐ INNIHALDA?

Til að teljast gild verður umsókn að innihalda:

- Verkefnislýsingu á pdf - formi sem er sett inn í rafrænt form sjóðsins.
- Ferilskrá umsækjanda eða tilvísun á vefsvæði með ferilskrá umsækjanda.

Eftirfarandi verður að fylgja þar sem það á við:

- Samstarfsyfirlýsing ef aðrir þátttakendur eru skráðir í umsókn

Faglegt mat á umsókn byggir eingöngu á þeim upplýsingum sem gefnar eru í umsókn og tilheyrandi viðaukum.

## 4.5 FYLGIGÖGN

### 4.5.1 VERKEFNISLÝSING

Í rafræna umsóknarkerfið er sett heiti verkefnis á íslensku (100 stafabil) og stutt lýsing á verkefninu á íslensku til opinberrar birtingar eða kynningar (1500 stafabil).

Þar er líka mögulegt er að setja inn vefslóð á myndband.

Taka skal fram aðra stryki, styrkumsóknir og fjárveitingar sem þetta verkefni hefur fengið.

Fylla skal út sniðmát fyrir verkefnislýsingu sem finna má inni í rafræna umsóknarkerfinu. Verkefnislýsing skal sett inn í rafræna kerfið með lýsandi nafni, á pdf - formi og má mest vera 5 MB eða max 12 bls. að lengd.

Verkefnislýsingunni er skipt upp í eftirfarandi kafla:

- Markmið verkefnis
- Raunhæfi verkefnis
- Nýnæmi verkefnis
- Hverju mun verkefnið bæta við fyrirbyggjandi þekkingu á jafnréttismálum
- Hvernig fellur verkefnið að markmiðum sjóðsins, einu eða fleirum
- Tíma- og verkáætlun og vörður
- Aðferðir og helstu verkþættir
- Núverandi staða verkefnis
- Fyrirhuguð birting eða kynning á niðurstöðum
- Heimildaskrá

Til að auðvelda faglegt mat á umsókninni og viðhengi er mikilvægt að öll umsóknin sé vönduð.

---

## 5 MATSFERILL

### 5.1.1 FORSKOÐUN

Umsóknirnar eru forskoðaðar af sérfræðingum sjóðsins. Ófullgerðum umsóknum og umsóknum þar sem ekki hefur verið farið eftir reglum sjóðsins er vísað frá án frekara mats og er umsækjanda tilkynnt um slíkt.

### 5.1.2 FAGLEGT MAT Á UMSÓKNUM

Allar umsóknir sem standast forskoðun eru metnar af fagráði. Fagráðið afgreiðir hverja umsókn með umsögn á grunni hins faglega mats.

---

## 6 STYRKVEITING

### 6.1.1 ÁKVÖRÐUN UM STYRKVEITINGU

Eftir að fagráðið hefur lokið störfum sínum fundar formaður fagráðsins með stjórn Jafnréttissjóðs Íslands þar sem hann gerir grein fyrir fagráðsvinnunni og hvort álitamál hafi komið upp við mat umsókna. Stjórnin tekur ákvarðanir um fjárveitingar úr Jafnréttissjóði Íslands að fengnum umsögnum fagráðs. Stjórnin leitar ráðgjafar umfram það sem fagráð sjóðsins getur veitt ef þurfa þykir.

### 6.1.2 STYRKVEITINGAR

Styrkveitingar eru birtar á vef Rannís.

## 6.2 DREIFING ÁRLEGRA GREIÐSLNA STYRKTRA VERKEFNA

- Fyrsta greiðsla (40%) greiðist við undirritun samnings.
- Önnur greiðsla (40%) greiðist í nóvember.
- Þriðja greiðslan (20%) er greidd þegar lokaskýrsla hefur verið samþykkt.

### 6.2.1 LOKASKÝRSLA

Verkefnisstjóri er ábyrgur fyrir skilum á lokaskýrslu innan árs frá því að styrktímabili lýkur, þar sem greint er frá framvindu verkefnisins, lokaniðurstöðum og ályktunum. Nákvæmt kostnaðaryfirlit (sundurliðuð tafla) og hreyfingalisti skulu fylgja skýrslu og gerð grein fyrir frávikum frá upphaflegri áætlun. Sniðmát fyrir lokaskýrslu er að finna á vefsíðu sjóðsins.

Sérfræðingar sjóðsins geta farið fram á frekari upplýsingar og skýringar frá styrkþegum og ráðfært sig við fagráð ef þörf krefur. Lokagreiðslan, 20%, er greidd við samþykkt skýrslunnar. Sé skýrsla ekki samþykkt getur stjórn sjóðsins rift samningi við styrkþega og farið fram á endurgreiðslu styrkfjár.

## 7 ALMENNAR UPPLÝSINGAR VARÐANDI SJÓÐINN

### 7.1 HLOTVERK JAFNRÉTTISSJÓÐS

Jafnréttissjóður Íslands var stofnaður árið 2015 með samþykki þingsályktunar nr. 13/144 í tilefni 100 ára kosningaréttarafmælis íslenskra kvenna. Honum er ætlað að fjármagna eða styrkja verkefni og rannsóknir sem miða að því að efla jafnrétti kynjanna. Með samþykki þingsályktunar nr. 19/149 árið 2019 var hlutverk sjóðsins víkkað út; fjórir nýir áhersluliðir bættust við og tilgreint nánar hvernig stjórn og varastjórn skyldi skipuð.

### 7.2 STJÓRN JAFNRÉTTISSJÓÐS ÍSLANDS

Ráðherra sem fer með jafnréttismál skipar sjóðstjórn, þrjá aðalmenn og þrjá til vara. Einn skal tilnefndur af Samstarfsnefnd háskólastigsins, einn af Jafnréttisstofu og einn án tilnefningar sem jafnframt verði formaður sjóðsins. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Einnig setur hann nánari reglur um úthlutun úr sjóðnum að fengnum tillögum sjóðstjórnar. Reglurnar skulu birtar í Stjórnartíðindum. Almennum spurningum varðandi sjóðinn og umsóknir sem eru í matsferli skal beint til sérfræðinga hjá Rannís.

## 8 SIÐA- OG VANHÆFISREGLUR UMSÝSLUAÐILA

### 8.1 SIÐAREGLUR UMSÝSLUAÐILA

Meðlimir stjórnar Jafnréttissjóðs og meðlimir fagráðs Jafnréttissjóðs, sérfræðingar sjóðsins og aðrir sem koma að umsýslu umsókna í sjóðinn eru bundnir algerum trúnaði. Farið er með allar umsóknir, fylgigögn þeirra og matsblöð sem trúnaðarmál. Þessi trúnaðargögn má ekki nota í neinum öðrum tilgangi en við faglegt mat og þau má ekki birta, gefa út eða sýna þriðja aðila með öðrum hætti. Afrit skulu aðeins vera útbúin af trúnaðargögnum þessum ef það þykir nauðsynlegt vegna faglegs mats. Að matsferli loknu skal varðveita umsókn og matsblöð í rafrænu skjalasafni Rannís. Fagráð Jafnréttissjóðs er meðvitað um að birting eða ólögmet nýting trúnaðarupplýsinga geta valdið eigendum þeirra óbætanlegu tjóni. Eigandi trúnaðarupplýsinga á rétt á að leita til dómstóls sem lögsögu hefur í málinu og krefjast tiltekinna aðgerða, fara fram á bann við frekari uppljóstrun eða öðrum brotum og/eða setja fram aðrar kröfur sem eigandi upplýsinganna telur viðeigandi. Slíkur réttur eiganda kemur til viðbótar þeim úrræðum sem standa skráðum eiganda eða þeim sem leiðir rétt frá honum (raunverulegum eiganda) til boða.

## 8.2 VANHÆFISREGLUR

Þegar um vanhæfi umsýsluaðila er að ræða getur viðkomandi stjórnarmaður eða fagráðsmaður ekki tekið þátt í umfjöllun um umsóknina. Fagráðsmenn og stjórnarmenn þurfa að víkja af fundi þegar fjallað er um viðkomandi umsókn og ákvörðun um styrk er tekin. Þetta skal skráð í fundargerðir. Til viðbótar við vanhæfisstæður sem taldar eru upp í Stjórnsýslulögum (nr. 37/1993)<sup>2</sup> gilda eftirtaldar reglur um fagráð og stjórn Jafnréttissjóðs:

- Náin vinátta, fjölskyldutengsl eða mægðir fagráðsmanns eða stjórnarmanns við umsækjanda.
- Persónuleg andstaða fagráðsmanns eða stjórnarmanns við umsækjanda.
- Fagleg samkeppni milli fagráðsmanns eða stjórnarmanns og umsækjanda.
- Fagráðsmenn geta hvorki verið verkefnisstjórar né meðumsækjendur á umsókn í Jafnréttissjóði.
- Ef stjórnarmaður er þátttakandi í umsókn þarf hann að segja sig frá umfjöllun um úthlutun viðkomandi styrkars og þarf þá að kalla inn varamann.

Ef viðkomandi stjórnarmaður eða fagráðsmaður er starfsmaður stofnunar eða fyrirtækis og umsókn frá starfsmönnum sömu stofnunar eða fyrirtækis er til umfjöllunar, verður að meta hversu nán tengsl eru við þá starfsmenn og/eða yfirmenn viðkomandi stofnunar. Þessi tengsl þurfa ekki nauðsynlega að leiða til vanhæfis. Stjórnarmenn og fagráðsmenn eru ábyrgir fyrir því að koma auga á kringumstæður sem skapa þeim vanhæfi við að fjalla um umsóknir í Jafnréttissjóð.

## 8.3 MISFERLI

Vakni grunur um misferli, uppspuna, falsanir, ritstuld eða misnotkun í tengslum við umsókn eða styrkt verkefni í umsóknarferli, á styrktímabili eða eftir að styrktímabili lýkur, verður umsóknaraðila/verkefnisstjóra og stjórn Jafnréttissjóðs Íslands gert viðvart án undantekninga.

Vakni grunur um misferli í matsferli verður umsókn dregin út úr ferlinu meðan rannsakað er hvort grunurinn reynist á rökum reistur. Reynist allt með felldu verður umsóknin sett í matsferli á ný. Sannist misferli verður umsókn vísað frá mati og stofnun umsækjanda gerð ábyrg fyrir viðeigandi ráðstöfunum. Stjórn Jafnréttissjóðs Íslands getur einnig haft frumkvæði að sjálfstæðri rannsókn á ásökunum um misferli. Komist upp um misferli í umsóknarferli, á styrktímabili eða eftir styrktímabil getur stjórn Jafnréttissjóðs ákveðið sérstök viðurlög svo sem að hluti eða allt styrkfé verði endurgreitt eða að umsækjanda verði meinað að sækja í sjóðinn.

<sup>2</sup> <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1993037.html>



## 8.4 OPIÐ AÐGENGI AÐ NIÐURSTÖÐUM

Samkvæmt lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir nr. 3/2003 með áorðnum breytingum, skal birta niðurstöður rannsókna sem fjármagnaðar eru með opinberu fé í opnu aðgengi. Styrkþegar Jafnréttissjóðs Íslands skulu tryggja að niðurstöður verði aðgengilegar í opnu aðgengi með því að annars vegar birta í tímaritum sem gefin eru út í opnu aðgengi eða í rafrænu varðveislusafni samhliða birtingu í hefðbundnu áskriftartímariti. Lokaútgáfa ritrýnds handrits skal send varðveislusafni um leið og greinin hefur verið samþykkt til birtingar. Ef tímaritið fer fram á biðtíma áður en greinin verður aðgengileg í opnu aðgengi verður hún birt sjálfkrafa að þeim tíma loknum. Vinsamlegast kynnið ykkur reglur Rannís um varðveislusófn þær má finna á vefsíðu Rannís (<https://www.rannis.is/starfsemi/opinn-adgangur/>). Opinvisindi.is sér um varðveislusafn fyrir íslenska háskóla.

Styrkþegar skulu í öllum ritsmíðum sínum um niðurstöður rannsókna geta um þátt Jafnréttissjóðs í viðkomandi verki og eins ber að geta sjóðsins þegar styrkverkefni eru kynnt.

## 9 LEIÐBEININGAR TIL FAGRÁÐSMANNA

Hlutverk fagráðs Jafnréttissjóðs Íslands er að meta umsóknir sem berast sjóðnum út frá gildi verkefna, færni og aðstöðu umsækjenda til að framkvæma verkið og líkum á að verkefnið skili mælanlegum árangri og ávinningi. Fagráð afgreiða hverja umsókn með skriflegri umsögn og forgangsraða umsóknum á grunni hins faglega mats.

### 9.1 MATSFERLIÐ

Fagráðsmenn fá senda lista yfir nöfn umsókna og umsækjenda ásamt útdrætti og láta vita hvaða umsóknir þeir eru tilbúnir að lesa og hvaða umsóknir þeir telja sig vanhæfa til að fjalla um. Að því loknu er umsóknum sem berast fagráði skipt niður á fagráðsmenn. Tveir lesarar innan fagráðsins eru skráðir á hverja umsókn en allir fagráðsmenn eru hvattir til að kynna sér allar umsóknir fagráðsins.

Þegar umsóknir hafa verið metnar eru skrifuð drög að umsögn fagráðsins. Fagráðið hittist síðan á fundi í húsakynnum Rannís. Umsækjendur fá senda umsögn fagráðs þegar stjórn Jafnréttissjóðs Íslands hefur ákveðið úthlutun ársins.

### 9.2 FAGRÁÐSFUNDIR

#### 9.2.1 FYRIR FAGRÁÐSFUNDI

Tveir lesarar úr fagráðinu skrifa umsögn og mat á hverri umsókn. Með hliðsjón af umsögn beggja lesara úr fagráðinu útbýr fyrsti lesari umsögn.

#### 9.2.2 Á FAGRÁÐSFUNDUM

Fagráðsmenn sem lýst hafa sig vanhæfa til að fjalla um umsókn yfirgefa fundarherbergið þegar viðkomandi umsókn er rædd og er það skjalfest í fundargerð umsjónarmanns fagráðs. Þegar fagráðið hefur rætt allar umsóknirnar er þeim forgangsraðað á grundvelli styrkleikaflokka. Einkunn er gefin í samræmi við heildarmat fagráðsins á umsókninni (sjá töflu 2). Útbúinn er listi yfir hvora styrktegund fyrir sig og umsóknum raðað í flokkana fjóra: A (A1-A3), B, C og X. Undirflokkur A1 er ætlaður afburðaumsóknum.

Flokkur	Umsögn/Skilgreining
A1	Framúrskarandi umsókn, nánast án veikleika

A2	Mjög sterk umsókn, léttvægir veikleikar
A3	Sterk umsókn en minni háttar veikleikar
B	Umsókn með einn eða fleiri takmarkandi veikleika
C	Ófullgerð umsókn, margir veikleikar
X	Fellur ekki að áherslum sjóðsins

Tafla 2. Styrkleikaflokkar fagráða

### 9.2.3 EFTIR FAGRÁÐSFUNDI

Formaður fagráðs staðfestir lokamat fagráðs.

## 9.3 ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Fagráð metur allar umsóknir sem berast fagráðinu og forgangsraðar byggt á umræðum fagráðs og mati tveggja lesara í fagráðinu. Forgangsraðunarlistinn er lagður fyrir stjórn Jafnréttissjóðs Íslands sem tekur ákvörðun um styrkveitingu. Upplýsingar um fagráð koma fram á vefsíðu sjóðsins.

### 9.3.1 MATSPÆTTIR

Hér er að finna þættina sem meta á. **Mikilvægt er að gagnrýni sér skýr og mat uppbyggilegt.** Hafa ber eftirfarandi í huga við mat á umsóknum.

1. Hversu vel fellur verkefnið að starfssviði sjóðsins?
2. Eru lýsingar á markmiðum og stöðu þekkingar fullnægjandi?
3. Staða þekkingar og nýnæmi rannsóknar/verkefnis.
4. Hverju bætir rannsóknin/verkefnið við fyrirbyggjandi þekkingu/miðlun á jafnréttismálum?
5. Verk-, tíma-, kostnaðaráætlun og aðstaða.
6. Stjórnun og gildi samstarfs ef við á.
7. Samantekt fagráðs.